

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 31. júlí 2025
202506-0066/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum - 4.500 tonna aukning á hámarkslífmassa og breytingar á eldissvæðum Háafells í Ísafjarðardjúpi Skipulagsstofnun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar dags. 29. maí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndarstofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar stækkunar fiskeldis í Ísafjarðardjúpi. Um er að ræða aukningu á framleiðslugetu í sjókvíum Háafells í Ísafjarðardjúpi, úr 6.000 tonnum í allt að 10.500 tonn af laxfiskum (Atlantshafslaxi og regnbogasilungi).

Framkvæmdin felur í sér áframhaldandi og aukið eldi á núverandi eldissvæðum í Hestfirði og Skötufirði, en jafnframt nýtingu tveggja nýrra eldissvæða í Mjóafirði og Reykjarfirði. Auk þess verður landstarfsemi í landi Háafells í Skötufirði stækkuð, með tilheyrandi mannvirkjum, m.a. seiðaeldisstöð og starfsmannaaðstöðu.

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila er farið yfir áætluð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, valkosti, mótvægisáðgerðir og vöktun. Meðfylgjandi við matsskýrsluna eru fjölmargir viðaukar með niðurstöðum rannsókna á lífríki og straumum, fuglalífi og áhrifasvæðum.

Náttúruminjaskrá

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdasvæðin og nærliggjandi hafsvæði liggja í grennd við nokkur svæði sem skráð eru á náttúruminjaskrá og eru þau:

- **Mjóifjörður** – tilnefnt vegna landslagsheildar og lífríkis.
- **Arnarnes** – viðkvæmt strandsvæði með fjölbreytilegu fuglalífi og búsvæðum.
- **Kaldalón** – með háu landslagsgildi og jarðfræðilegum sérkennum.
- **Borgarey** – mikilvægt fuglasvæði með varpi æðarfugla og annarra sjófugla.

Nauðsynlegt er að meta sérstaklega hvort að framkvæmdin hafi áhrif á þessi svæði eða rýri verndargildi þeirra.

Í greinargerð framkvæmdaraðila segir að ekki verði framkvæmt á sjálfum skráðum svæðum, en að sjónræn og vistfræðileg tengsl séu til staðar. Þó sé talið að framkvæmdin geti haft áhrif

á upplifun og landslagsheild þeirra, einkum vegna sjókvía sem eru sýnilegar frá landi og á siglingaleiðum.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að áhrif framkvæmdarinnar verði metin sérstaklega með hliðsjón af verndargildi þessara svæða og markmiðum skráningar þeirra á náttúruminjaskrá. Sérstaklega þarf að meta hvort og hvernig framkvæmdin kann að hafa áhrif á fæðuöflun og viðveru fugla í Borgarey og við Arnarnes, m.a. æðarfugla, auk mögulegrar truflunar frá mannvirkjum og þjónustuumferð á sjó. Þá þurfa áhrif framkvæmdarinnar á ásjúnd og landslagsheildir Mjóafjarðar og Kaldalóns að vera hluti af heildstæðu mati á sjónrænum áhrifum og upplifunarverðmæti strandsvæðanna.

Niðurstöður slíks mats vantar í fyrirbyggjandi umhverfismatsskýrslu og telur stofnunin að um sé að ræða verulegan ágalla á greiningu á áhrifasviði framkvæmdarinnar.

Tillaga að B- hluta og selir

Innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar liggja Borgarey og Kaldalón sem og víðfeðmt svæði, Ísafjarðardjúp sem hafa verið tilnefnd af Náttúrufræðistofnun Íslands til skráningar í B-hluta náttúruminjaskrár.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt fjallað sé um viðveru landsels og mótvægisaðgerðir í skýrslunni, skortir greiningu á áhrifum framkvæmdarinnar á verndargildi svæðanna. Því er óljóst hvort metið hafi verið hvort umferð þjónustubáta, mannaferðir, hávaði eða notkun fælingartækja geti valdið truflun á látur eða haft áhrif á viðveru, fæðuöflun og langvarandi búsvæðanotkun sela í nágrenni framkvæmdarinnar.

Að mati stofnunarinnar telst þessi vöntun á verndartengdu mati vera verulegur ágalli í umhverfismatsskýrslunni. Þetta á sérstaklega við í ljósi þess að:

- landselur er friðuð og vernduð tegund
- og að svæðið sem framkvæmdin snertir er ekki einungis mikilvægt vistkerfi, heldur tilnefnt til formlegrar verndar sem náttúruminjasvæði.

Stofnunin leggur því til að áhrif framkvæmdarinnar á landsel, lífríki og verndargildi verði metin sérstaklega.

Fuglalíf

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að fuglalíf í Ísafjarðardjúpi sé fjölbreytt og að sjófuglar, m.a. æðarfugl, teista og máfar, haldi sig reglulega við eldiskvíar. Í viðauka B eru lagðar fram fuglatalningar frá árinu 2023 sem staðfesta reglulega viðveru æðarfugla, máfa og svartfugla á svæðinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að flestar fuglategundir sem dvelja á og við áhrifasvæðið eru friðaðar samkvæmt lögum nr. 64/1994, þar á meðal æðarfugl og teista. Ísland ber einnig alþjóðlega ábyrgð á verndun nokkurra viðkvæmra tegunda samkvæmt samningum um líffræðilega fjölbreytni.

Í skýrslunni er tekið fram að áhrif á fugla séu talin óveruleg, þar sem fuglar sækja sjálfviljugir í sjókvíarnar vegna fæðuframboðs og hafi ekki sýnt neikvæð langtímaáhrif. Þá er lýst nokkrum mótvægisaðgerðum, s.s. fuglanetum, púðurskotvopnum og skipulagðri þjónustuumferð.

Að mati stofnunarinnar skortir á að umhverfismatsskýrslan geri fullnægjandi grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf, sérstaklega með tilliti til:

- truflunar frá þjónustubátum, fælingartækjum og mannaferðum í grennd við varpsvæði og viðverusvæði,
- fæðuöflun fugla í nágrenni skráðra svæða á náttúruminjaskrá, s.s. Borgarey og Arnarnes,
- og mögulegra áhrifasvæða sem fara út fyrir beina framkvæmdarstaði, þ.m.t. sjóleiðir og siglingar.

Stofnunin bendir einnig á að engin vöktun virðist fara fram á fuglalífi á svæðinu af hálfu framkvæmdaraðila, þrátt fyrir að skýrslan vísi til rannsóknar- og vöktunarskyldu samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Stofnunin leggur því til að áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verði endurmetin með skýrari tengingu við viðkvæm svæði og friðaðar tegundir, og að mótvægisáðgerðir og vöktun verði útfærð með tilliti til þess.

Áhrif á strandsvæði og sjávarvistkerfi

Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um möguleg áhrif sjókvíaeldis á sjávarvistkerfi, m.a. vegna uppsöfnunar lífrænna efna, setmyndunar og breytinga á súrefnistöðu botnsjávar. Fram kemur að straumar séu nægir til að draga úr hættu á staðbundinni botnmengun og að áhrif verði staðbundin og afturkræf.

Náttúruverndarstofnun tekur ekki afstöðu til eðlisefnafræðilegra áhrifa eldisins á hafsvæði, sem heyra undir aðrar fagstofnanir. Hins vegar telur stofnunin mikilvægt að meta áhrif framkvæmdarinnar á strandsvæði og vistgerðir sem falla undir náttúruverndarlög.

Arnarnes og Borgarey eru skráð á náttúruminjaskrá vegna fuglalífs og búsvæða, og geta breytingar á næringu og setmyndun á strandsvæðum þar haft óbein áhrif á fæðuöflun fugla, botnlíf og lífræna fjölbreytni í fjörum.

Stofnunin leggur til að áhrif á vistgerðir og strandsvæði í grennd við þessi verndarsvæði verði metin sérstaklega, með áherslu á:

- hvort fjöruvistgerðir á viðkvæmum svæðum verði fyrir röskun,
- hvort fæðukeðjur og botnlíf fyrir fugla, sérstaklega æðarfugl, breytist,
- og hvort til staðar séu mótvægisáðgerðir eða vöktun sem tryggir að verndargildi þessara svæða haldist óskert.

Mótvægisáðgerðir

Í umhverfismatsskýrslu eru tilgreindar ýmsar mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum sjókvíaeldis á fugla, seli og sjávarvistkerfi sem stofnunin telur vera jákvætt. Þar á meðal eru notkun fuglaneta og púðurskotvopna til fælingar, dagleg hreinsun dauðfisks úr kvíum, strekkir netpokar, stýring á þjónustuumferð á varptíma við viðkvæm svæði eins og Vigur.

Að mati Náttúruverndarstofnunar eru þessar áðgerðir ekki fullnægjandi þegar litið er til verndarskyldu svæða á náttúruminjaskrá og viðkvæmra vistkerfa.

- Ekki er sýnt fram á að aðgerðirnar komi í veg fyrir röskun á látur landsela eða truflun á varp- og fæðusvæðum fugla í Borgarey og við Arnarnes.
- Mótvægisaðgerðir eru ekki tengdar sérstaklega við verndargildi þeirra svæða sem framkvæmdin snertir, né metin í samhengi við forsendur skráningar á náttúruminjaskrá.
- Ekki er metið hvort aðgerðir sjálfar – t.d. fælingartæki og auðin bátasigling – hafi önnur neikvæð áhrif á lífríki eða upplifun.

Stofnunin leggur til að mótvægisaðgerðir verði endurmetnar með skýrri tengingu við verndarsjónarmið, og að áhrif þeirra verði metin með tilliti til sérstöðu einstakra svæða og tegunda.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur